Alþingi
Erindi nr. Þ 141/648
komudagur 19.11.2012

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. nóvember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum, 151. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp.

Ein mikilvægasta forsenda samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni er að fjármálakerfið nái að þjóna þeim á hagkvæman hátt. Margháttaðar kröfur um aukið eigið fé og lausafé, áhættustýringu og aukið ytra og innra eftirlit, sem þegar hafa komið til framkvæmda eða munu gera það á næstu árum undir merkjum þjóðhags- og eindavarúðar, auka kostnað fjármálafyrirtækja og þörf þeirra fyrir vaxtaálag. Það skapar þrýsting á aukna hagkvæmni í starfsemi fjármálafyrirtækja. Eitt helsta vandamál efnahagslífsins er einangrun frá alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Með gjaldeyrishöftunum er bankakerfið að mestu lokað af frá erlendri samkeppni. Það er því mikilvægt að finna á ný hagkvæmar leiðir inn á alþjóðlegan fjármálamarkað sem tryggi atvinnulífinu aðgang að fjármagni á hagstæðum kjörum um leið og innlendri fjármálastarfsemi verði tryggt eðlilegt samkeppnislegt aðhald. Mikilvægast í þessu sambandi er að endurvekja traust á íslenskt fjármálakerfi og trúverðugleika þess. Ef tækist að fá aðkomu öflugra erlendra fjármálafyrirtækja að innlendum markaði opnaðist leið að því marki. Hvað sem eignarhaldi líður er mikilvægt að bankarnir verði sem fyrst skráðir á hlutabréfamarkað sem myndi auka traust á þeim jafnframt því sem eignarhald á þeim verður þá opið og gegnsætt.

Samtökin fagna umræddu frumvarpi og leggja áherslu á að við sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum sé horft til þess að styrkja aðgang atvinnnulífs og heimila á Íslandi að lánamarkaði sem er í alþjóðlegri samkeppni. Ætla verður að sala umræddra eignarhluta fari fram á einhverjum fjölda ára. Það er mat samtakanna að til grundvallar sölu bréfanna geti verið málefnaleg rök fyrir því að selja bréfin öðrum en hæstbjóðanda. Þannig ber við sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum að halda á lofti sjónarmiðum sem efla samkeppni á fjármálamarkaði.

Arionbanki og Íslandsbanki eru nú í meirihlutaeigu erlendra aðila. Í ljósi stöðu efnahagsmála þjóðarinnar skiptir miklu að eigendur þeirra hafi áhuga og áform um að efla bankana hér á landi í alþjóðlegri samkeppni á fjármálamarkaði. Þegar taka skal ákvörðun um sölu á eignarhlut ríkisins í þessum bönkum er að mati samtakanna ástæða til að horfa til slíkra áforma jafnframt. Þá myndi sala á eignarhlutum ríkisins til erlendra aðila stuðla að hraðara afnámi gjaldeyrishafta sem er ómissandi þáttur í ráðstöfunum til umbóta á innlendum fjármálamarkaði.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is